

formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig, að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi úr annað árið, og hinn hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í janúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. nóvember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

A R Ð S K R Á

fyrir Veiðifélag Brunnár og vatnasvæði hennar.

Daðastaðir, Presthólahreppi	6%
Núpur, Óxarfjarðarhreppi	10%
Akursel 1 og 2	5%
Hróastaðir	2.5%
Ærlækjarsel 2	2.5%
Dverá	12%

Klifshagi 1 og 2	20%
Leifsstaðir	10%
Ærlækur og Viðines	7%
Hafrællstunga 1 og 2	13%
Gilsbakki	6%
Gilhagi	6%
	<hr/>
	100%

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. nóvember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

20. nóvember 1973.

Nr. 337.

AUGLÝSING

um breytingu á verði lyfja samkvæmt Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 10. desember 1973 tekur gildi breyting við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Samkvæmt því hækkar útsöluverð lyfja eins og það er greint í skránum um 14.1%. Jafnframt fellur úr gildi 10.6% hækkun, er tók gildi 20. júlí 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

20. nóvember 1973.

Nr. 338.

REGLUGERÐ

um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

1. gr.

Almenn ákvæði um lyfseðla.

Lyfseðill er lyfjaávisun lækni, tannlækni eða dýralækni, er lækningaleyfi hefur hér á landi. Lyfseðill skal vera dagsettur og undirritaður eigin hendi lækni (dýralækni, tannlækni). Dýralæknum er þó einungis heimilt að ávísar lyfjum til dýralækninga (sbr. 12. gr.) og tannlæknum nánar tilgreindum lyfjum (sbr. 13. gr.). Svipta má lækni rétti til þess að ávísar tilgreindum ávana- og fíknilyfjum (sbr. 23. gr. læknalaga nr. 80 23. júní 1969).

Einungis lyfsalar (sbr. 5. gr.) og aðrir lyfsöluleyfishafar (héraðslæknar, þar sem ekki er lyfjabúð, og dýralæknar) mega afhenda lyf gegn lyfseðli. Vegna eftirlits lyfsala og annarra lyfsöluleyfishafa með að lyfjaávisanir séu gefnar út í sam-